

## Úrskurður

Agamál nr. 47/2018-2019

- Viðburður:** Leikur Vestra gegn Njarðvík í Íslandsmóti drengjaflokks, 2. deild, sem leikinn var þann 23. mars 2019.
- Kærði:** Brynjar Berg Tumason leikmaður drengjaflokks Njarðvíkur
- Kærandi/ur:** Dómarar leiks.

### Málavextir

Með skýrslu til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ (hér eftir nefndin) frá dómurum í leik Vestra og Njarðvíkur í drengjaflokki, sem barst nefndinni þann 25. mars 2019, var vísað til nefndarinnar háttsemi hins kærða í áðurnefndum leik. Í lýsingu dómara á háttseminni kemur eftirfarandi fram: „*Tæknivilla fyrir mótmæli. Tæknivilla fyrir ósæmilegt orðbragð. Eftir seinni tæknivillu missti leikmaðurinn stjórn á sér og hrinti dómara með báðum höndum af miklu afli. Neitaði að yfirgefa völlinn og sýndi áframhaldandi ógnandi framkomu. Þörf á aðstoð tveggja áhorfenda til að koma leikmanni af velli.*“

Ekki bárust athugasemdir frá hinum kærða eða félagi hans.

Nefndin aflaði sér myndbandupptöku af hinni kærðu háttsemi.

### Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) úrskurðar nefndin um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í mótum á vegum KKÍ, enda fjalli hvorki FIBA World né FIBA Europe um málið.

Af skýrslu til nefndarinnar sem og myndbandsupptökunni sem nefndin aflaði sér má sjá að hinn kærði gengur rösklega að öðrum dómara leiksins og ýtir við honum af töluverðu afli með báðum höndum eftir að liðsfélagi hans hafði verið veitt tæknivilla. Þurfti aðstoð áhorfenda til að róa ástandið og fylgja hinum kærða til búningsklefa.

Nefndin telur að ofbeldi gagnvart dómara sé aldrei ásættanlegt. Dómarar eru í viðkvæmri stöðu innan leiksins og þurfa að njóta verndar. Sama hvað gengur á innan leiks telur nefndin það aldrei réttlætanlegt að leggja hendur á dómara þó svo að leikmenn telji dómgæslu halla á sig eða lið sitt og/eða ef þeir telja dómara hafa gert á þeirra hlut með öðrum hætti.

Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu ákvæði e) liðar 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir m.a. að hafi einstaklingur gerst sekur um hættulega framkomu eða meiriháttar ósæmilega hegðun gagnvart dómurum leiks, þá skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í fimm

leikja bann. Af því leiðir að ef háttsemi leikmanns fellur undir ákvæði e) lið 13. gr. reglugerðarinnar ber nefndinni að úrskurða viðkomandi í fimm leikja bann.

Með vísan til ákvæðis e) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, skal hinn kærði sæta fimm leikja banni vegna hins kærða atviks.

### **Úrskurðarorð**

Hinn kærði, Brynjar Berg Tumason, skal sæta fimm leikja banni vegna háttsemi sinnar í leik Vestra gegn Njarðvík í Íslandsmóti drengjaflokks, 2. deild, sem leikinn var þann 23. mars 2019.

Reykjavík 5. apríl 2019

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður**  
**Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður**  
**Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður**  
**Kristinn G. Kristinsson**  
**María Káradóttir**  
**Birkir Guðmundarson**